

Frá ritstjórum

Fimmtánda útgáfuár *Íslenska þjóðfélagsins* – tímarits Félagsfræðingafélags Íslands liður senn í aldanna skaut. Margrét Valdimarsdóttir og Guðmundur Oddsson hafa ritstýrt tímaritinu síðastliðin fjögur ár og láta þau af störfum sem ritstjórar nú um áramótin. Við ritstjórn til næstu tveggja ára taka þær Ásdís Aðalbjörg Arnalds lektor í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands og Sigrún Ólafsdóttir prófessor í félagsfræði við Háskóla Íslands. Fráfarandi ritstjórar óska Ásdísi og Sigrúnu til hamingju með nýju stöðurnar og óska þeim velfarnaðar. Að sama skapi þakka ritstjórar Sóllilju Bjarnadóttur aðstoðarritstjóra innilega fyrir frábært samstarf síðustu fjögur árin en Sóllilja heldur áfram á nýju ári.

Fjórar greinar birtust í *Íslenska þjóðfélaginu* í ár. Tímaritinu bárust níu handrit til umsagnar á árinu. Ritstjórar höfnuðu einu handriti og átta fóru í ritrýni. Ýmissa grasa kennir í hefti ársins en greinarnar hverfast um stöðu erlendra kvenna á vinnumarkaði, þörf innflytjenda fyrir tengsl við uppruna sinn, minnkandi miðlægni vinnunnar og mat landsmanna á sérfræðiáliti eftir kyni sérfræðings.

Fyrsta grein ársins „Konur af erlendum uppruna í íslensku velferðarsamfélagi: Staða á vinnumarkaði, félagsleg tengsl og líðan“ er eftir Berglindi Hólm Ragnarsdóttur, Valgerði S. Bjarnadóttur, Andreu Hjálmsdóttur og Bergljótu Þrastardóttur. Tilgangur rannsóknarinnar sem greinin byggir á er að draga fram þætti sem tengjast félagslegri stöðu og tækifærum kvenna af erlendum í samanburði við konur af íslenskum uppruna, með því að varpa ljósi á stöðu á atvinnu- og húsnæðismarkaði, félagsleg tengsl og einkenni streitu, kvíða og þunglyndis. Gögn rannsóknarinnar koma úr könnun sem lögð var fyrir konur á aldrinum 25–64 ára árið 2022. Helstu niðurstöður sýna að í samanburði við konur af íslenskum uppruna búa konur af erlendum uppruna við meira öðryggi og krefjandi aðstæður á vinnu- og húsnæðismarkaði, fjárhagsstaða þeirra er verri og þær eru ólíklegri til að fá menntun sína metna að verðleikum. Félagsleg tengsl þeirra eru takmarkaðri og andleg líðan þeirra verri. Mögulegt er að tímaskortur og fjárhagsstaða komi í veg fyrir að þær leiti sér aðstoðar vegna andlegrar vanlíðanar.

Önnur greinin „Þörfin fyrir tengsl við uppruna sinn: Afkomendur flóttamanna frá Víetnam“ er eftir Anh Dao Tran og Atla Harðarson. Í rannsókninni sem greinin byggir á voru tekin viðtöl við ellefu einstaklinga sem eiga foreldri, afa eða ömmu úr 34 manna hópi sem flúði til Íslands eftir að kommúnistar frá Norður-Víetnam náðu völdum í Víetnam. Viðmælendur ólust flestir upp við að tala einungis íslensku og rannsóknarspurningin sem leitað er svara við er hvers vegna það er viðmælendum sem eiga heima á Íslandi mikils virði að þekkja tungumál og menningu víetnamskra forfeðra og formæðra? Meginniðurstöður eru að viðmælendur finna fyrir mikilli löngun til að læra víetnömsku og kynnast menningu Víetnam. Venjurnar sem þeir ólust upp við eru að

nokkru leyti frá Vietnam og þarlend menning, sem er mótuð af konfúsíanismi með áherslu á virðingu fyrir þeim eldri í fjölskyldunni, skyldurækni og gildi lærdóms og menntunar, er hluti af sjálfi þeirra. Þörf þeirra fyrir þekkingu á þessari menningu er því þörf fyrir sjálfsþekkingu og getu til að ígrunda eigin venjur og stjórna eigin lífi með því að vega þær og meta og laga að aðstæðum.

Þriðja greinin „Minnkandi miðlægni vinnunnar“ er eftir Tómas Bjarnason. Í greininni er gerð grein fyrir rannsókn á mati fólks á miðlægni vinnunnar sem byggir á tveimur þýðiskönnunum sem framkvæmdar voru árin 2012 og 2022 meðal félagsfólks VR, stærsta stéttarfélags landsins. Bornar eru saman niðurstöður milli kannana, aldurshópa og kynslóða: Uppgangskynslóðarinnar (e. *Boomers*), X-kynslóðarinnar (e. *GenX*), Aldamótakynslóðarinnar (e. *Millennials*, *GenY*) og Z-kynslóðarinnar (e. *GenZ*). Niðurstöðurnar sýna sterk áhrif tíðarandans og að miðlægni vinnunnar dvínar milli mælinganna tveggja – þvert á aldurshópa og kynslóðir. Einnig koma fram kynslóðaáhrif í báðum könnunum. Vinnan er miðlægari meðal elstu kynslóðarinnar (Uppgangskynslóðarinnar) en þeirra yngri, en lítill munur er á miðlægni vinnunnar meðal yngri kynslóðanna.

Fjórða og síðasta greinin „Mat á sérfræðiáliti eftir kyni sérfræðings: Tilraun meðal almennings á Íslandi“ er eftir Ásdísi Aðalbjörgu Arnalds og Ingólf V. Gíslason. Markmið rannsóknarinnar var að kanna hvort Íslendingar hafi tilhneigingu til að meta sérfræðiálit á grundvelli kyns sérfræðings. Í rannsókninni var tilraunasnið nýtt og gögnin koma úr könnun sem lögð fyrir úrtak úr netpanel Félagsvísindastofnunar. Niðurstöður benda til lítillar tilhneigingar til að meta sérfræðiálit á grundvelli kyns. Enginn munur var á mati á hæfni karlkyns og kvenkyns barnalæknis og fjármálaráðgjafa sem líklega stafar af því að Íslendingar eru orðnir vanir því að sérfræðingar á þessum sviðum geti verið konur ekki síður en karlar. Viðhorf til málefna sem fjármálaráðgjafinn fjallaði um í viðtalinu voru þó misjöfn eftir kyni fjármálaráðgjafans og benda niðurstöður til þess að fólk taki meira mark á konum en körlum í umfjöllun um fjármál sem er andstætt því sem búist var við.

Íslenska þjóðfélagið stendur vel 15 árum eftir stofnun tímaritsins. Eftir sem áður er mikill áhugi á efni tímaritsins og eftirspurn meðal fræðimanna að fá birtar greinar í tímaritinu. Undanfarin ár hefur fráfarandi ritstjórn breytt sniðmáti greina, flutt og uppfært heimasíðu tímaritsins, skipt um hýsingaraðila og komið umbroti í hendur fagmanns. Enn fremur hefur ritstjórnin komið á fót málþingum sem hverfast um efni árshefta til að auka sýnileika tímaritsins. Líkt og undanfarin ár verður því haldið málþing á ári komanda sem hverfast mun um birtar greinar ársins 2024.

Fráfarandi ritstjórn þakkar höfundum kærlega fyrir samstarfið á árinu sem er að líða sem og lesendum og öðrum velunnurum fyrir samfylgdina síðustu fjögur ár. Félagsfræðin lengi lifi!

Ritstjórar *Íslenska þjóðfélagsins*,
Margrét Valdimarsdóttir og Guðmundur Oddsson.